

Fyrsti fundur Æskulýðsnefndar

Reykholti 25. nóvember 2014. kl. 17:00

Mætt: Lára Hreinsdóttir, Sigurjón Pétur Guðmundsson og Smári Þorsteinsson.

1. **Íþróttamaður Bláskógabyggðar 2014.** Reglugerðin var lesin yfir og kynnt fyrir nýrri Æskulýðsnefnd, en engu var breytt. Rætt var um að hafa valið með sama hætti og í fyrra, það er að segja að hafa samband við sömu íþróttafélög og gefa þeim kost á að tilnefna einstakling frá sínu félagi.

Þau eru:

Ungmennafélag Biskupstungna

Ungmennafélag Laugdæla

Hestamannafélagið Logi

Hestamannafélagið Trausti

Golfklúbburinn Dalbúi

Golfklúbburinn Úthlíð

Golfklúbburinn Geysi

Áætlaður kostnaður fyrir verðlaunapeninga og eignagripi er um 50 þúsund krónur fyrir þetta árið. Gert er ráð fyrir kaffiveitingum fyrir gesti sem gæti kostað um 50 þúsund krónur. Nefndin óskar eftir að sveitasjóður greiði fyrir verðlaunagripi og kaffiveitingar ásamt því að leggja til aðstöðu fyrir hófið í Aratungu. Áætlað er á að hafa hófið í Aratungu sunnudaginn 11. janúar 2015 kl. 14:00.

Verkum var svo skipt á milli nefndarmanna. Lára hefur tekið að sér að senda póst á formenn íþróttafélagana, taka á móti tilnefningum og athuga með verðlaunagripi. Pétur ætlar að sjá um að koma auglýsingu í Bláskógafréttir og dreifibréf sem fer á hvert heimili í Bláskógabyggð. Smári ætlar að tala við Brynju um að fá kaffiveitingar í lok samkomunnar, við Pálma um uppröðun í salinn og tala við Espiflöt um blóm fyrir þá sem tilnefndir eru.

Stefnt er á næsta fund fyrir jól, þar sem farið verður yfir tilnefningarnar.

2. **Forvarnarstefna.** Ákveðið var að endurskoða forvarnarstefnu Bláskógabyggðar á næsta fundi þar sem ekki allir nefndarmenn höfðu aðgang að henni því hún er ekki enn komin inn á heimasíðu Bláskógabyggðar. Nefndarmenn hafa nú fegnið forvarnarstefnuna senda og geta því skoðað hana vel fyrir næsta fund.

Fundi slitið kl. 18:30

Smári Þorsteinsson